



1. Gildissvið

- 1.1. Reglugerð þessi gildir um keppendur, þjálfara, starfsmenn móta, félög og aðra aðila sem starfa innan vébanda Hnefaleikasambands Íslands (HNÍ).
- 1.2. Hún tekur til brota á:
 - lögum og reglugerðum HNÍ,
 - regluverki World Boxing,
 - fyrirmælum dómara, umsjónarmanna, mótslækna eða annarra fulltrúa HNÍ.

2. Aganefnd

- 2.1. Aganefnd HNÍ er sjálfstætt starfandi nefnd sem fer með meðferð agamála innan HNÍ.
- 2.2. Aganefnd er skipuð af stjórn HNÍ og starfar samkvæmt lögum og reglum sambandsins.

3. Gildissvið

- 3.1. Agabrot teljast m.a.:
 - óíþróttamannsleg hegðun,
 - brot á reglum HNÍ eða regluverki World Boxing,
 - vanvirðing við fyrirmæli dómara, umsjónarmanna eða mótslækna,
 - háttsemi sem getur stefnt öryggi þátttakenda í hættu,
 - háttsemi sem skaðar ímynd eða starfsemi HNÍ.

4. Viðurlög

- 4.1. Aganefnd HNÍ er heimilt að beita eftirfarandi viðurlögum, einum eða fleiri í senn, eftir eðli og alvarleika brots:
 - munnlegri eða skriflegri áminningu,
 - skriflegri aðvörun,
 - tímabundnu keppnisbanni eða starfssviptingu,
 - brottvísun af móti eða tímabundnu banni frá þátttöku í mótum,
 - sektum eða öðrum viðurlögum samkvæmt gjaldskrá HNÍ,
 - ævilangri brottvísun í sérstaklega alvarlegum tilvikum.

5. Lengd viðurlaga

- 5.1. Tímabundið keppnisbann eða starfssvipting getur almennt verið frá 1 mánuði upp í 12 mánuði, eftir eðli og alvarleika brots.
 - Í sérstaklega alvarlegum eða ítrekuðum brotum er aganefnd heimilt að ákveða lengra bann, þar með talið ævilangt bann.



- Við ákvörðun viðurlaga skal m.a. tekið tillit til:
- alvarleika brots,
- hvort brot sé ítrekað,
- fyrri brota viðkomandi,
- áhrifa brots á öryggi, ímynd og starfsemi HNÍ.

6. Málsmeðferð

- 6.1. Áður en ákvörðun um viðurlög er tekin skal viðkomandi aðila, eftir því sem við á, gefinn kostur á að tjá sig um málið.
- 6.2. Aganefnd getur aflað gagna, skýrslna og annarra upplýsinga sem hún telur nauðsynlegar til úrlausnar máls.

7. Áfrýjun

- 7.1. Ákvörðunum aganefndar HNÍ er heimilt að áfrýja til dómstóla ÍSÍ, í samræmi við gildandi reglur ÍSÍ.

8. Tengsl við World Boxing

- 8.1. Keppnistengd brot og viðurlög sem falla undir regluverk World Boxing skulu metin í samræmi við reglur World Boxing hverju sinni.
- 8.2. Komi upp misræmi milli reglna HNÍ og regluverks World Boxing, trompar regluverk World Boxing.